

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyrirvaldanna á Íslandi, um þóknun fyrir endurskoðun nýju sálma-bókarinnar.

1868.

24. marz.

Í bréfi dagsettu 27. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, skýrt frá, að til þess að verða við almenntri ósk manna um, að nýr viðbætur við hina íslensku evangelisk-kristilegu sálma-bók, sem gefinn var út árið 1861 sér á parti, verði tekinn í sálma-bókina, hafið þér, háæruverðugi herra, fengið síra Ólaf Pálsson, prófast og dómkirkju-prest, og síra Stefán Thorarensen, sóknarprest að Kálfatjörn, til þess undir umsjón yðar að koma skipulagi á sálmasöfn þessi og velja úr nýja sálma, og hafið þér, sökum þess að nú þegar hefir verið varið talsverðum tíma og ómaki til starfa þessa, og enn mun þurfa að verja tíma til hans, áður hann sé fullgjörður, mælt fram með, að verja megi 100 rd. af efnum prentsmiðjunnar í Reykjavík, sem ætlað er til að gefi sálma-bókina út, og sem væntanlega mun hafa gróða af því, til þess að skipta þeim milli síra Ólafs prófasts Pálssonar og síra Stefáns Thorarensens, sem þóknun fyrir starfa þeirra; en aptur á móti vilið þér, háæruverðugi herra, ekki hafa neina þóknun fyrir ómak yðar í þessu efni. Að endingu hafið þér mælt til, að megi láta hreinskrifa handritið á kostnað landsprentsmiðjunnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að stjórnarráðið fellst hérmeð á uppástungur yðar í þessu efni.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu megi flytja bústað sinn til Reykjavíkur.

25. marz.

Með bréfi dagsettu 3. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Clausen, sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um að hann megi flytja búferlum

1868.

25. marz.

til Reykjavíkur, sökum þess að hann fái ekki að vera lengur en þangað til að sumri komanda í húsi því í Hafnarfirði, er hann nú býr í, og hann geti ekki fengið sér neinn hæfilegan bústað annarstaðar í tæðu kaupúni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið vegna þessara sérstöku kringumstæða er því ekki mótfallið, að Clausen sýslumaður taki sér bólfestu í Reykjavík fyrst um sinn, en samt með því skilyrði, að hann fái áreiðanlegan mann í Hafnarfirði til að rannsaka og rita á skipaskjöl.

26. marz.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ólöglegar síldarveiðar inni á Eyjafirði.

Í bréfi því, er fylgir hér með í eptirriti, hefir Stefán Thórarensen, bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, skýrt frá, að A. Johannessen, skipherra á norskrí skonnortu, Auróra, hafi veidt síld inni á Eyjafirði í ágústmánuði f. á., sumpart alveg upp í landsteinum, sumpart á bátum, og sumpart með því að draga veiðina upp á land, og hefir tæður embættismaður getið þess, að með því að ekki sé til neinar laga-ákvarðanir um, hver hegning liggi við slíku lagabroti, hafi sér fundið réttast að skjóta til stjórnarráðsins að gjöra ráðstafanir þær, sem með þyrftu, til að útkljá um málefni þetta.

Um leið og þér, herra amtmaður, eruð beðnir að láta Stefán sýslumann Thórarensen vita, að skoðun sú, sem hann hafi látið í ljósi, að ekki sé lögð nein hegning í löggjöfnni við slíkum lagabrotum, sé röng, þar sem tilskipun 13. júnímán. 1787 2. og 4. gr., sem að því leyti verða að álitast gildar enn þá, leggur þá hegningu við ólögmætum fiskiveiðum, að skip og vörur skuli upptækt, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið Stefáni sýslumanni Thórarensen